

## Úrskurður

### **Samgöngustofu nr. 114/2024 vegna kvörtunar um seinkun á flugi Icelandair nr. FI622 þann 8. apríl 2023.**

#### **I. Erindi**

Þann 10. júní 2023 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá ABCD (kvartendur). Kvartendur áttu bókað far með flugi nr. FI622 á vegum Icelandair (IA) kl. 20:30 þann 8. apríl 2023 frá Newark til Helsinki með millilendingu í Keflavík. Áætlaður komutími á lokaáfangastað var kl. 14:00. Fluginu seinkaði og kvartendur misstu af tengiflugi sínu. Þeim var útvegað nýtt flug til Helsinki í gegnum Manchester og komu til Helsinki í u.þ.b. átta klst. seinkun.

Kvartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 466/2024 um réttindi flugfarþega.

#### **II. Málavextir og bréfaskipti**

SGS sendi IA kvörtunina til umsagnar með tölvupósti þann 12. júní 2023. Í svari IA, sem barst þann 21. júní 2023 kom eftirfarandi fram:

Kvartandi krefst skaðabóta vegna seinkunar á flugi FI622 þann 8. apríl frá EWR til KEF sem leiddi til þess að þau misstu af tengiflugi sínu til HEL. Í viðhengi má sjá hvernig þau áttu upphaflega að fljúga og hvernig þeim var svo recroutað (sjá skjáskot úr amadeus)

Ástæða seinkunarinnar á flugi FI622 verður rakin til slæmra veðuraðstæðna á Keflavíkurflugvelli þann 7. apríl. Því til stuðnings látum við fylgja með veðurgögn. Í ljósi þess hafnar félagið bótaskyldu og vísast þá helst í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 261/2004 þar sem kemur fram að flugrekanda ber ekki skyldu til þess að greiða skaðabætur ef flugi var aflýst af óviðráðanlegum aðstæðum. Þá segir í 14 tl. sömu reglugerðar að óviðráðanlegar aðstæður teljast m.a. til óviðráðanlegra aðstæðna.

Þá hefur það verður staðfest í dómaframkvæmd, m.a. í dómi Landsréttar nr. 280/2018 að keðjuverkun óviðráðanlegra aðstæðna beri að heimfæra til óviðráðanlegra aðstæðna skv. 3. mgr. 5. gr.

SGS sendi kvartendum svar IA til umsagnar þann 23. júní 2023.

Í svari kvartenda kom m.a. fram:

According to the comment of the air carrier, the weather conditions at Keflavik were bad on **Friday the 7th** of April between 15.00-18.30 p.m. Our flight landed at Keflavik airport as planned on **Sunday the 9th** of April 2023 but just enough late resulting in us missing our connecting flight. To our knowledge the weather conditions in both New York at the departing time and in Keflavik at the time of arrival were good. Besides this, our flight was not cancelled. I repeat the matters set out in my letter dated 3 July 2023.

### **III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu**

SGS fer með eftirlit með réttindum neytenda samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir nr. 80/2022 og skal grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að réttindi farþega séu virt, sbr. 2. mgr. 207. gr. laganna.

Farþegar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir til SGS, sbr. 1. mgr. 208. gr. laganna. Náist ekki samkomulag eða sátt skal SGS skera úr ágreiningi með úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 204. gr. sömu laga er flugrekanda skylt að veita farþegum aðstoð og eftir atvikum greiða þeim bætur, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur, ef: tjón hefur orðið vegna tafa á flutningi, farþega er neitað um far, flugi er aflýst eða þegar flutningi er flýtt.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 466/2024. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 466/2024 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr.

Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

## Staðlaðar skaðabætur

Fyrir liggur í málinu að kvartendur áttu bókað far með flugi nr. FI622 frá Newark til Helsinki þann 8. apríl 2023 og að fluginu seinkaði um u.þ.b. átta klst. Álitæfni þessa máls er hvort að seinkun á flugi kvartenda sé bótaskyld á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024. Í því samhengi kemur til skoðunar hvort að seinkun á flugi kvartenda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB

Við meðferð málsins var sérfræðingur flugrekstrardeildar SGS beðinn um að leggja mat á framlögð veðurgögn IA til að skera úr um hvort að veðuraðstæður í Keflavík þann 8. apríl 2023 hafi verið með þeim hætti að forsvaranlegt hafi verið af hálfu IA að seinka flugi kvartenda. Í svari hans kom m.a. fram:

Það var aftakaveður veður á suðvesturhorni landsins þann 7. apríl 2023. Suðaustanátt allt að 25 m/s með hviðum upp í 35 m/s (130°/50G65 í hnútum). Í svona veðri er ekki hægt að afgreiða flugvélar í flughlaðinu í Keflavík, einnig er hliðarvindurinn í hviðum kominn yfir háþörk fyrir flestar flugvélar, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að þessu fylgdi rigning með ögn verri bremsuskilyrðum en á þurri braut.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í svari sérfræðings flugrekstrardeildar SGS er það mat stofnunarinnar að seinkun á flugi kvartenda nr. FI622 þann 8. apríl 2023 falli í flokk óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Að mati SGS hefur IA þannig sýnt fram á að félagið hafi lagt sig fram við að takmarka afleiðingar af hinum óviðráðanlegu aðstæðum eftir bestu getu. Er kröfu kvartenda um staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024, því hafnað.

## Úrskurðarorð

Kröfum kvartenda um staðlaðar skaðabætur úr hendi Icelandair vegna seinkunar á flugi nr. FI622 þann 8. apríl 2023 samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð 466/2024, er hafnað.

Samkvæmt 4. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 verður úrskurði Samgöngustofu ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta. Málshöfðun frestar ekki heimild til aðfarar skv. 6. mgr. 208. gr.

Reykjavík, 14. október 2024

Kristín Helga Markúsdóttir

Ómar Sveinsson